

## MENNTAKLIF - SKÓLASAMFÉLAG GARÐABÆJAR

Innleiðing aðalnámskrár í grunnskólum Garðabæjar  
Sex grunnþættir menntunar  
áætlun 2012 – 2013

LÆSI

SJÁLFBÆRNI

LÝÐRÆÐI

JAFNRÉTTI

HEILBRIGÐI  
OG VELFERÐ

SKÖPUN

15. ágú  
kl. 12:30 - 16:15

**Haustþing** um endurskoðun námsmats  
í nýrri aðalnámskrá fyrir alla grunnskóla í Garðabæ  
Fyrirlesarar: Póra B. Jónsdóttir og Jón B. Hannesson

31. ágú  
kl. 13:30

**Ráðstefna MMR: Virkjum grunnþættina**  
Lærum hvert af öðru í Flensborgarskóla

jan - okt

**Verkefnastjórn mynduð:** Skólastjórnendur,  
fræðslu- og menningarsvið og verkefnastjórar  
Undirbúningur og dagskrá innleiðingar mótuð  
Leshópar innan skóla – rýnt í aðalnámskrá

1 -13. nóv

**Kynning á innleiðingu sex grunnþátta menntunar**  
sem unnin verður þvert á skóla  
Skráning í grunnþáttahópa  
Hópstjórar útnefndir fyrir hvern hóp  
Kynningarbæklingur og formálar úr  
grunnþáttaritunum afhentir

14. nóv  
kl. 14:00 - 16:00

**Námskeið fyrir hópstjóra og verkefnastjórn**  
Leiðbeinandi: Ingrid Kuhlman  
Hvar: Á bóksafni Garðaskóla

13. - 19. nóv

**Hópavinna innan skóla - sjálfsmat**  
Hvað erum við að gera vel og hvað gætum við  
gert betur?

20. nóv  
kl. 14:30 - 16:30

**1. málstofa - Kynning og hópavinna** þvert á skóla  
Viljayfirlýsing um Menntaklif skólasamfélag  
Fjárjódur fordóma – fá fram fordóma  
Spegla sig – læra hvert af öðru  
Hvar: Hofsstaðaskóli

9. apr  
kl. 14:30 - 16:45

**2. málstofa - Hópavinna** þvert á skóla  
Lausnaleit og undirbúningur að fundi með  
sérfræðingi

16. apr  
kl. 14:30 - 16:30

**3. málstofa – Hópavinna** þvert á skóla  
Vinna með sérfræðingi

23. apr  
kl. 14:30 - 16:30

**4. málstofa – Hópavinna** þvert á skóla  
Unnið að niðurstöðum og kynningu

3. maí  
kl. 13:30 - 19:00

**Menntaklifsping**  
Uppskeruhátíð þar sem afrakstur sex  
grunnþáttahópa er kynntur og unnið að  
sameiginlegri sýn fyrir Menntaklif

### AFURÐIR VERKEFNIS

Miðað er við að vinnan skili  
eftirfarandi niðurstöðum:

Innleiðing sex grunnþátta  
aðalnámskrár í grunnskólum  
Garðabæjar.


Formlegur samráðsvettvangur  
helstu hagsmunaaðila  
skólasamfélagsins.

Stuðningur við starfspróunar-  
áætlanir skóla.

Fagerindi um málefni tengd  
innleiðingu sex grunnþátta.

VAXA starfspróunlíkanið verði  
virkt í skólasamfélaginu.

UPPSETNING ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR



## MENNTAKLIF

SKÓLASAMFÉLAG GARÐABÆJAR

# 2012 / 2013

INNLEIÐING AÐALNÁMSKRÁR  
Í GRUNNSKÓLUM GARÐABÆJAR

ENDURSKOÐUN NÁMSMATS

SEX GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

Markmið:

*Að stuðla að  
miðlun þekkingar  
í skólasamfélaginu  
með því að  
skapa lífandi og  
virkan vettvang  
fyrir hugmyndir,  
aðferðir og  
reynslu.*

## Menntaklif – skólasamfélag Garðabæjar

Menntaklif er starfssamfélag skólafólks í Garðabæ. Hlutverk þess er að styðja við nám og starfsþróun með því að skapa lifandi og virkan vettvang fyrir hugmyndir, aðferðir og reynslu.

Með Menntaklifinu er samvinnuandi milli skólanna í nærsamfélaginu eflur enn frekar. Hver skólastofnun mun eftir sem áður vinna eftir eigin stefnu og sérstöðu. Suma þætti skólastarfsins má hins vegar tvíanna saman svo sem starfsþróunarmál, innleiðingu aðalnámskrár og skólastefnu sveitarfélags.

Síðastliðið vor var undirritaður samningur um uppbyggingu Menntaklifsins. Stefnt er að því að stofna vefsíðu fyrir Menntaklif í Garðabæ sem vonandi fer í loftið á næsta ári, þangað til verða helstu upplýsingar á vef Klifsins [www.klifid.is](http://www.klifid.is)

## Innleiðing aðalnámskrár í grunnskólum Garðabæjar

### Sex grunnþættir menntunar

Umhverfið kallar á aukna hæfniþróun kennara í ljósi breyttra áherslna í menntamállum. Stjórnvöld hafa markað nýja menntastefnu og lög um skólamála á öllum skólastigum hafa verið endurskoðuð. Þá var gefin út ný aðalnámskrá, fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla árið 2011. Hún á að taka gildi í grunnskólum landsins í síðasta lagi haustið 2015. Sú menntastefna, sem birtist í aðalnámskrá allra skólastiga, er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eiga að vera leiðarljós fyrir námskrágerðina.

Forsenda þess að breytingar eigi sér stað í skólum er að kennarar fái tækifæri til þess að tileinka sér nýjungar og að tími og svigrúm sé gefið til þess.

VAXA · Starfsþróunarlíkan			
	FJÓRÞÆTT STARFSÞRÓUN	MARKMIÐ SAMEIGINLEG SÝN	LEIÐIR
FAGMENNISKA	Valdefling og persónuleg starfsþróun	Menntaðir og hæfir starfsmenn og fagleg forysta	<ul style="list-style-type: none"> <li>starfsmannasamtöl / eftirfylgni</li> <li>markþjálfun / handleiðsla</li> <li>ferilmappa</li> <li>sjálfmiðað nám</li> <li>fagleg starfskenning</li> </ul>
EINSTAKLINGUR	Andleg og líkamleg Velferð	Velferð og ánægja starfsmanna	<ul style="list-style-type: none"> <li>jákvæð skólamenning</li> <li>næring sálar</li> <li>hollusta og hreyfing</li> <li>sniðjur og fyrirlestrar</li> <li>leikur, gleði og ánægja</li> </ul>
SAMVINNA	Faglegt samstarf	Þverfagleg samvinna starfsfólks innan skóla, milli skóla og við stoðþjónustu	<ul style="list-style-type: none"> <li>tilheyrja starfssamfélögum</li> <li>nýting félagsmiðla</li> <li>jafningjastuðningur</li> <li>kennslustundaryni</li> <li>hóp / teymisvinna</li> <li>samstarfsverkefni</li> </ul>
SKÓLASAMFÉLAG	Aðlögun og innleiðing skóla- og menntastefnu	Skólinn sem lærdómsfélag sem þróar eigin leiðir í takt við umhverfi og samfélag	<ul style="list-style-type: none"> <li>uppbygging lærdómsfélags</li> <li>sjálfsmat skóla</li> <li>stefna, markmið og mat á árangri</li> <li>nýsköpun þróun kennsluhátta</li> <li>besta aðferðin (e. best practice)</li> </ul>

## Starfssamfélag

(e. Community of practice)

„Starfssamfélag er hópur fólks sem deilir áhuga eða ástríðu fyrir einhverju sem það færst við og lærir hvernig á að gera það betur í gegnum regluleg samskipti.“

E. Wenger

## Hver er ávinningur af starfssamfélögum?

### Skammtíma ávinningur

- hjálp við áskoranir
- aðgengi að sérþekkingu
- sjálfstraust
- ánægja með starfsfélögum
- innihaldsríkt starf
- lausnaleit
- tímasparnaður
- deiling þekkingar
- samvirkni milli deilda
- endurnýting auðlinda

### Langtíma ávinningur

- persónuleg þróun
- orðspor
- fagleg sjálfsmynd
- fagleg tengsl
- tækifæri til starfsframa
- hæfni í stefnumótun
- í forystu
- nýsköpun
- varðveisla hæfni
- ný stefna



## Dagskrá skólaársins 2012 - 2013

Fyrsti viðburður Menntaklifsins var miðvikudaginn 15. ágúst sl., en þá rýndi skólafólk í Garðabæ í framsetningu námsmats í nýrri aðalnámskrá grunnskóla. Um 130 kennarar, stjórnendur og aðrir sérfræðingar í skólunum sátu þingið. Næsta verkefni á dagskrá Menntaklifsins er innleiðing aðalnámskrár og sex grunnþátta menntunar í skólum. Í vetur verða fimm sameiginlegar málstofur um grunnþætti menntunar þvert á skóla. Málstofurnar verða á dagskrá í nóvember, febrúar, mars og apríl og enda á uppskeruhátíð þar sem afraksturinn verður kynntur.

## Hópavinna þvert á skóla

Starfsmenn velja einn af grunnþáttunum sex til að vinna nánar með í gegnum hópstarf og málstofur. Stofnaðir verða 6 hópar og tekur hver hópur fyrir einn grunnþátt. Hóparnir sex vinna þvert á skóla og samanstendur hver hópur af rúmlega 20 starfsmönnum. Markmið hópavinnunnar er að safna saman þekkingu, reynslu og hugmyndum og ná fram sameiginlegum skilningi á grunnþáttunum. Þannig myndar hver skóli sérfræðihóp í hverjum grunnþætti fyrir sig. Einn hópstjóri úr hverjum skóla verður fyrir hvern grunnþátt. Alls verða því 24 hópstjórar í hópunum sex.

## Hópstjóranámskeið

Miðvikudaginn 14. nóvember mun Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun ehf. halda námskeið fyrir hópstjóra frá kl. 14:30 – 16:30. Námskeiðið fer fram á bókasafni Garðaskóla. Hlutverk hópstjóra er að stýra hópavinnu og útdeila verkefnum.

## Í verkefnastjórn Menntaklifsins sitja:

Ágústa Guðmundsdóttir verkefnastjóri Menntaklifs  
 Ásta Sölvadóttir verkefnastjóri Menntaklifs  
 Brynhildur Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri í Garðaskóla  
 Helgi Grímsson skólastjóri Sjúklandsskóla  
 Margrét Björk Svavarsdóttir forstöðum. fræðslu- og menningarsviðs  
 Margrét Harðardóttir skólastjóri Hofstaðaskóla  
 Oddný Eyjólfsdóttir deildarstjóri grunnskóladeildar  
 Ólöf Sigurðardóttir skólastjóri Flataskóla

## VAXA starfsþróunarlíkan

Menntaklifið byggir á starfsþróunarlíkaninu VAXA.

Líkanið er heildræn nálgun að starfsþróun fyrir skólafólk. Hugsunin að vaxa í starfi liggur að baki nafninu VAXA. Líkanið er miðað við að starfsþróun sé ævilangt ferli samofið úr fjórum þáttum sem eru eftirfarandi: Valdefling og persónuleg starfsþróun, andleg og líkamleg farsæld, faglegt samstarf og aðlögun og innleiðing skóla- og menntastefnu. VAXA líkanið má hugsa sem fjóra þræði sem vefjast saman og verða að haldgöðu reipi.

Starfsþróun: Allar þær aðgerðir sem miða að því að auka þekkingu, getu, færni og áhuga starfsmanns (Samstarfsnefnd um símenntun,

## Samskiptavettvangur

Tölvudeild Garðabæjar setur upp sameiginlegt svæði/drif fyrir skólasamfélagið Menntaklif. Þar verða settar upp möppur fyrir hvern grunnþátt sem hver hópur hefur yfirumsjón með. Fleiri möppur munu bætast inn á svæðið í framtíðinni og þar verður hægt er að geyma sameiginleg gögn. Hver og einn hópur kemur sér saman um heppilegan miðil fyrir samskiptin.



Innleiðing sex grunnþátta byggir á hugmyndum um opið samráðsferli

## Verkefnastjórn

Stofnuð hefur verið verkefnastjórn Menntaklifsins og hefur hún fundað sex sinnum á þessu ári. Þar var lagður grunnur að dagskrá vetrarins.

Við hlökkum til samstarfsins og vonum að samvinnuandinn í skólasamfélaginu eigi eftir að vaxa og dafna.

Með kveðju, verkefnastjórn